



- Móttaka liða fer fram í Holtaskóla.
- Öll félög eru hvött til að koma með fána síns félags fyrir verðlaunaafhendinguna.
- Við viljum hvetja alla til að ganga frá greiðslu með því að leggja inn á reikning númer **1109-05-412158**, kennitala 511005-1830, gefa góða skýringu á greiðslunni og senda staðfestingu á [nettomot@gmail.com](mailto:nettomot@gmail.com)
- Ef ekki er greitt rafrænt, vinsamlegast verið tilbúin með greiðslu í Holtaskóla svo innritun liða gangi hratt og vel.
- Símanúmer á bílunum sem eru reiðubúnir að skutla hvert sem er og hvenær sem er eru: 863-0571 og 863-0572.
- Rútur ganga frá keppnisstöðum til og frá Bíó.
- Bíómyndir sem sýndar verða
  - 5 – 7 ára Planet 51
  - 8 – 11 ára Old Dogs
- Kvöldvakan byrjar kl. 20:30 í íþróttahúsinu við Sunnubraut.
- Skúffukaka og Mjólk verður í boði fyrir næturgesti á gististöðunum: Heiðarskóla, Holtaskóla, Myllubakkaskóla og Njarðvíkurskóla.
- Mikilvægt er að vel sé gengið um skólana og stofum sé skilað í því ástandi sem komið var að þeim.
- Mikilvægt er að ábyrgur aðili fylgi hverju liði. Ábyrgðaraðili yfir börnum sem gista þarf að hafa náð 18 ára aldri.
- Við viljum benda á stór bílastæði bæði fyrir ofan Fjölbrautaskóla Suðurnesja og fyrir neðan Sundmiðstöðina vegna fólksfjölda á verðlaunaafhendingu.
- Morgunmatur (7:00 – 9:00) fyrir iðkenndur sem gista verður dreift á gististaðina: Heiðarskóla, Holtaskóla, Myllubakkaskóla og Njarðvíkurskóla.
- Ef þjálfarar / liðstjórar vilja spila 4 á móti 4, þá setjum við okkur ekki á móti því, það er samkomulag milli þjálfara / liðstjóra í hverjum leik fyrir sig.

- Upplýsingar um gististaði mun verða sett inn á heimasíðu mótsins <http://nettomot.blog.is/blog/nettomot/> síðar í dag. Þar er einnig að finna allar upplýsingar um mótið.
- Pizzu veislan á sunnudeginum er frá kl. 11:00 – 14:00. Við viljum benda þeim liðum sem eiga leik kl.13:00 og 13:30 að vera búin að fara í pizzuna fyrir síðasta leikinn, svo hægt sé að fara beint í verðlaunaafhendingu kl. 14:30.
- Vatnaveröldin er opin til kl. 19:00 á laugardeginum.
- Framkvæmd verðlaunaafhendingar (sjá mynd)



